

Skipulagsstofnun  
Sigmar Arnar Steingrímsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 18. september 2008  
Tilvísun: UST20080900067/ksj

### 132 kV jarðstrengur milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar um væntanleg Dýrafjarðargöng


Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst Umhverfisstofnun 12. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum lagning á 132 kV jarðstreng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar um væntanleg Dýrafjarðargögn skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Lagnaleiðin verður að mestu í röskuðu landi s. s. í vegkanti, vegskeringu og jarðgöngum að undanskildri leiðinni frá jarðgangnamunna Arnarfjarðarmegin fyrir botn Borgarfjarðar að spennivirki Orkubús Vestfjarða við Mjólkárvirkjun. Þar mun lagnaleiðin fylgja vegkanti gangnamunna til að byrja með en tekur síðan stefnu að 66 kV háspennulínu Orkubús Vestfjarða.

Jarðstrengurinn fylgir vegum og jarðgöngum og hefur í þessu tilviki ekki áhrif á verndargildi svæðis númer 311 á Náttúruminjasrá, eins og því er lýst í skránni: "Skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, Þingeyrarhreppi, V-Ísafjarðarsýslu. Allur skaginn utan ræktaðs lands og þéttbýlis ásamt löndum Hrafseyrar og Gljúfurár í Arnarfirði."

Að teknu tilliti til framangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri